

HEF Veitur ehf
Fellabrún 1
700 Múlaþing

Reykjavík, 31. maí 2024
UST202404-315/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum-Teigarhorn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn HEF Veitur ehf, dagsett, 24. apríl 2024, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins Teigarhorns.

Teigarhorn er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 416/2013. Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í fólkvanginum, en er starfsmönnum á svæðinu heimil, ef nauðsyn krefur eins og notkun vélknúinna farartækja vegna starfa við stígagerð og vegna veitumannvirkja innan marka fólkvangsins, enda sé ekki unnt að framkvæma verkið á annan hátt. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndunum í fólkvanginum. Óheimilt er að fjarlægja geislasteina út af svæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Múlaþings og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir uppsetningu á dæluhúsi, lagningu vatnsleiðslu og gerð grjótgarðs við Búlandsá innan fólkvangsins á Teigarhorni. Kort sem sýnir mögulega staðsetningu dæluhúss og grjótgarðs og fyrirhugaða lagnaleið fylgdu umsókn. Byggt yrði eitt dæluhús, um 10-20 m² og það yrði án salernisaðstöðu. Dæluhúsið yrði ofan við flóðamörk á vestari bakka Búlandsár, skammt frá borholunum. Teikningar af sambærilegu húsi fylgdu með umsókn. Jarðvegi yrði hlaðið upp að húsinu og mun framhliðin snúa frá veginum. Plægja þyrfti niður heimataug um 200-300 metra leið að húsinu frá rafmagnsjarðstreng sem liggur við þjóðveginn. Strengurinn yrði plægður niður í vegkanti slóða sem liggur um svæðið. Grjótgarðurinn yrði um 35 metra langur og hlutverk hans væri að verja borholurnar fyrir flóðum. Teikning sem sýnir hönnun garðsins fylgdi með umsókn. Frá dæluhúsinu lægju síðan vatnslagnir undir Búlandsá og upp á túnin austan árinna. Þaðan myndu þær liggja meðfram raflínunum að aðveitustöð Landsnets/Rarik. Þaðan myndi lögnin sveigja upp (suður) fyrir aðveitustöð og tengjast inn á núverandi lögn sem liggur ofan af Búlandsdal. Mögulega þyrfti að hlaða grjóti yfir lagnaskurði næst borholunum til að verjast rofi. Lagnaleið færi að einhverju leiti um óraskað land, þar á meðal við ána, og suður af spennivirki Landsnets. Mest af lagnaleiðinni yrði á þegar röskuðu landi við raflínur sem liggja á svæðinu og þar eru líka aðrar lagnir í jörðu, meðal annars ljósleiðari og rafstrengur. Þetta er opið land nærri eingöngu með sinu og gróðri haldið niðri vegna raflínu. Þar sem lögnin færi yfir ána yrði grafinn lítill skurður og lögninni sökk með sökkusteinum í hann. Takmörkuð þörf yrði á vegagerð þar sem nú þegar liggur hentugur vegslóði að og framhjá borholunum og dæluhúsi. Mögulega þarf að fara í úrbætur á honum og framlengja hann eitthvað, þá í fáum tugum metra talið að borholunum. Slóðinn yrði áfram malarvegur í mjög svipaðri mynd og hann er nú, ekki yrði þörf á að breikka hann eða breyta, bara laga til að

ná vatni af honum. Að verkinu kæmu 5-10 starfsmenn og stefnt er að framkvæmdir hefjist í maí 2024 og ljúki 1. október 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Framkvæmdin mun þó hafa í för með sér rask á framkvæmdartíma. Rask er metið sem afturkræft sé farið að skilyrðum leyfisins. Gestir svæðisins gætu orðið fyrir truflunum af völdum framkvæmdanna en sé farið að skilyrðum leyfis verði hægt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir HES Veitur ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan fólkvangsins Teigarhorns og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 1. október 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan á verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna á svæðinu hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vegar að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Girða skal af framkvæmdarsvæðið og koma fyrir merkingum um hjáleidir þar sem við á.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði þannig að mannvirki falli vel að landslaginu.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Loka skal öllum sárum sem verða á gróðurþekju og þar sem ekki er hægt að nýta gróðurþekju sem fjarlægð var af framkvæmdarstað áður en framkvæmdir hófust skal notaður staðargróður við frágang.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald dæluhússins og þess búnaðar sem settur verður niður innan svæðisins. Ef notkun borholanna verður hætt skal sá búnaður og mannvirki sem eru ofanjarðar afmáður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnutækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Óheimilt er að keyra í Búlandsánni.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu riski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrisk og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Fiskistofu þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sækja þarf um leyfi til Orkustofnunar fyrir nýtingu borholanna.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eins og fram kemur í áhrifamati umsækjanda á vatnshlotin þá varðar framkvæmdin tvö vatnshlot: straumvatnshlotið Búlandsá 1 og grunnvatnshlotið Austfirðir. Umhverfismarkmiðin eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Því skal tryggja að framkvæmdin hafi ekki neikvæð áhrif á skilgreinda gæðabætti fyrir vatnshlotin og uppfylli þannig umhverfismarkmið. Umhverfisstofnun gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við áhrifamatið.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Lára Björnsdóttir
sérfræðingur